



Fundur í aðalstjórn Aftureldingar, 13. mars 2023.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 16:30

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL),

Mættir starfsmenn:

Grétar Eggertsson (GE) framkvæmdastjóri, Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) íþróttafulltrúi.

Dagskrá:

1. Aðalfundur og staða uppgjöra

Umræða um aðalfund félagsins og stöðu varðandi framboð til stjórnar. Það er búið að manna stjórn og ljóst að það verða breytingar. Staða uppgjöra hjá deildum er langt komin og aðalfundir deilda eru einnig langt komnir.

2. Uppbygging íþróttasvæðisins að Vamá

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn fund sem hann sat með aðilum Mosfellsbæjar og knattspyrnudeild og frjálsum. Farið var yfir hugmyndir um nýja nálganir við aðalkeppnisvöll að Varmá. Góð umræða um þær forsendur sem komu fram og niðurstaðan er að Mosfellsbær mun fara í það verkefni að mæla upp forsendur og meta hvort að tillaga sú sem kynnt var komist fyrir á svæðinu.

3. Afleysing fyrir íþróttafulltrúa vegna fæðingarorlofs

Framkvæmdastjóri fór yfir að það styttist í að íþróttafulltrúi fari í fæðingarorlof og því þarf að huga að ráðningu á aðila í hennar stað. Einnig þarf að ræða við Mosfellsbæ varðandi stuðning við ráðningu þar sem það er tilgreint í samningi á milli aðila. Rætt var um hvaða leið skildi fara í þessu og var formanni og framkvæmdastjóra falið að hefja samtali við Mosfellsbæ um útfærslu á stuðning.

4. Persónuverndarstefna

Kynnt var sú vinna sem íþróttafulltrúi hefur, ásamt framkvæmdastjóra, unnið að vegna Persónuverndarstefnu.

5. Önnur mál

a. Trúnaðarlæknir félagsins

Framkvæmdastjóri hefur verið að skoða með trúnaðarlækni félagsins en í dag er engin trúnaðarlæknir starfandi. Rætt hefur verið við Heilsugæslu Mosfellsbæjar og mun framkvæmdastjóri eiga fund með þeim í framhaldinu.

b. Samráðsfundur með Golfklúbb Mosfellsbæjar

Framkvæmdastjórn Aftureldingar og Golfklúbbs Mosfellsbæjar hafa verið í samskiptum varðandi samstarf á milli aðila. Fundur verður 14. mars með formönnum og framkvæmdastjórn félaganna þar sem farið verður yfir með hvaða hætti gott samstarf getur gagnast öllum aðilum.



Fundi slitlið kl. 18:35

Grétar Eggertsson ritaði fundargerð.